

Ritstjóri:
PÁLL STEINGRÍMSSON.
Sími 1600.

VÍSIR

Afgreiðsla:
AÐALSTRÆTI 9B.
Sími 400.

16. ár.

Laugardaginn 2. janúar 1926.

1. tbl.

Útkomið er og fæst í bókaverslunum „Nýi Sáttmáli“ eftir Sigurð Þórðarson
fyrrum sýslumann. Kostar 5 krónur.

GAMLA BÍO

Malone stýrimaður.

Paramountmynd í 8 þáttum



leikin af THOMAS MEIGHAM og LOIS WILSON.

Þetta er falleg og hrifandi sjómanna saga, sem hver og einn hefir gaman og gleði af að horfa á.

Pakkarávarp.

Góður guð launi þeim öllum, sem hafa glatt okkur á umliðnu ári, þó sér í lagi fyrir jólin.

Rvk. 1. jan. 1926.

Jón Björnsson,
Kristín Halldórsdóttir,
Hverfisgötu 96.

Lán óskast.

Hver vill lána Hjálpræðishernum 30,000,00 krónur, með 2 veðrétti í huseign vorri á Isafirði.

Móti tilboðum tekur Brigader Boye Holm, stjórnandi Hjálpræðishersins á Islandi, Kirkjustræti 2. Sími 1603.

Gengisskrár

selur

Landstjarnan

Nýja Bíó

Frelsisstríð Bandaríkjana.

Stórfengleg kvikmynd í 10 þáttum gerð af snillingnum

D. W. Griffith.

Aðalhlutverk leika:

NEIL HAMILTON, CAROL DEMPSTER,
ERVILLE ALDERSON, C. EMMIT MARCH,
LIONEL BARRYMORE, ARTHUR DEWEY o. fl.

Eins og nafnið bendir til, hefir hinn alþekti snillingur Griffith tekist á hendur að semja kvikmynd um frelsisbaráttu Ameríkumanna. Það þarf ekki að taka það fram, að mynd þessi hefir hlotið feikna hrós í öllum amerískum blöðum. Þeim er málefnið svo hjartfólgið, og hér á Norðurlöndum hefir þótt mikið til hennar koma. Til dæmis gekk myndin lengi í Pallads í Kaupm.höfn og öll blöð fóru lofsamlegum ummælum um hana.

Leikfélag Reykjavíkur.

Dansinn í Hruna

verður leikinn í kveld og annað kveld, kl. 8 síðdegis.

Aðgöngumiðar seldir í dag eftir kl. 2 og á morgun kl. 10—12 og eftir kl. 2.

NB. Pantaðra aðgöngumiða verður að vitja fyrir kl. 4 daginn sem leikið er. Annars verða þeir seldir öðrum.

Sími 12.

Auglýsingar í „Vísir“

þurfa framvegis að vera komnar á afgreiðsluna eða í prentsmíðuna í síðasta lagi kl. 10 árd. þann dag sem þær eiga að birtast.

Jarðarför mannsins míns sáluga fyrv. sýslumanns Franz Siemsen fer fram frá dómkirkjunni mánud. p. 4. p. m. kl. 2. e. h.

Þórunn Siemsen.

Eggert Stefánsson

syngur í Nýja bíó þriðjudaginn 5. p. m. kl. 7¹/₄. Á söngskránni verða lög eftir Sigvalda Kaldalóns, bróður hans.

Aðgöngumiðar fást hjá Eymundsen, Ísafold, Hljóðfærahúsi Rvk. og frú Katrínu Viðar.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur.

Aðgöngumiðar

að jólatrésskemtuninni fyrir börn félagsmanna verða seldir í dag 2. jan., á skrifstofu Jes Zimzen. Einnig verða þar seldir sama dag aðgöngumiðar að danslek félagsins, sem haldion verður á eftir jólatrésskemtuninni fyrir boð. börn félagsmanna 6. jan. Kosta þeir kr. 2.00

Stjórn og skemtinefnd.

Sigurður Birkis

heldur hljómléika í Nýja Bíó, sunnudaginn 3. jan. kl. 4 síðd. Aðstoðendur: Guðrún Ágústsdóttir (sopran). Hallur Þorleifsson (bassi). Óskar Norðmann (baryton) og Páll Ísólffson við flygilinn. Viðfangsefni: Dúettar úr ýmsum þektum óperum (söngleikjum).

Aðgöngumiðar og söngskrá með skýringum fást í bókaversl. Sigfúsar Eymundsen og hjá frú Katrínu Viðar, laugardaginn 2. jan. og í Nýja Bíó á sunnud. eftir kl. 1.

Ullargarn.

Mest úrval. Lægst verð.

VÖRUHÚSIÐ

Í S. Í.

Glimufél. Ármann



heldur 20 ára afmælishátíð sína í Iðno föstud. 8. jan. 1926 kl. 8¹/₂ síðdegis. — Til skemtunar verður:

1. Sest að kaffidrykkju.
2. Ræða. — Minni félagsins.
3. Einsöngur.
4. Fimleikaflokkur félagsins (undir stjórn Jóns Þorsteinssonar).
5. Íslensk glíma. Glimustjóri Jón Þorsteinsson.
6. Sjónleikur í einum þætti. — Vasabókin.
7. Dans.

Félagsmenn vitji aðgöngumiða sinna í Tóbaksbúðina Austurstræti 12 og í Grettisbúð fyrir 6. janúar.

STJÓRNIN.

Fyrirliggjandi:

Rio-kaffi besta tegund.

H. Benediktsson & Co.

Sími 8 (3líaur).